

arans Wyre Vanguard, FD 36, skulu vera upptæk til handa Landhelgissjóði Íslands.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda síns, Gísla G. Ísleifssonar hæstaréttarlögmans, kr. 8.000.00.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 12. marz 1965.

Nr. 48/1965. **Ásmundur S. Jóhannsson**

gegn

**Híbýlaprýði h/f, Emil Hjartarsyni og
Jóni Bjarnasyni.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 23. febrúar 1965 og krafizt þess, að dómi héraðsdóms verði hrundið og lagt verði fyrir héraðsdómara að dæma málið að efni til. Þá krefst hann og kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Frá varnaraðiljum hafa hvorki borizt kröfur né greinargerðir.

Með skírskotun til forsendna hins kærða dóms ber að staðfesta hann.

Rétt er, að kærumálskostnaður falli niður.

Dómsorð:

Hinn kærði dómur á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 3. febrúar 1965.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. janúar 1965, er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4. janúar 1965, af Ásmundi S. Jóhannssyni, Vatnabyggð 5 á Akureyri, gegn Emil Hjartarsyni persónulega og f. h. Híbýlaprýði h/f, Hallarmúla, Reykjavík, og Jóni Bjarnasyni, Hringbraut 91, Reykjavík, til greiðslu vixils, að fjárhæð kr. 31.255.00, útgefins 16. nóvember 1964 af Valbjörk h/f og samþykkt af stefnda Híbýlaprýði h/f til greiðslu í Landsbanka Íslands, hér í bæ, 15. nóvember 1964, en á vixli þessum, sem var afsagður sökum greiðslufalls 17. nóvember 1964, eru stefndu, Emil og Jón, og Valbjörk h/f ábekingar.

Hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði dæmdir til að greiða fjárhæð vixilsins, kr. 31.255.00, með 9% ársvöxtum frá gjalddaga hans, 17. nóvember 1964, til greiðsludags, $\frac{1}{3}\%$ fjárhæðarinnar í þóknun og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndu hafa hvorki sótt né látið sækja þing, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Útgáfudagur vixilsins er 16. nóvember 1964. Dagur sá, sem nefndur er gjalddagi, var því þegar liðinn, og er vixillinn af þeim sökum ógildur, sbr. 1. gr. laga nr. 93/1933. Ber því að vísa máli þessu ex officio frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Stefán M. Stefánsson, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.
